

LÖG

um breytingu á lögum um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, nr. 160/2008 (heiti stofnunar).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 1. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir“ í 1. málsl. kemur: stofnun sem þjónustar.
- b. Á eftir 1. málsl. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Heiti stofnunarinnar skal vera Sjónstöðin.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. a laganna:

- a. Í stað orðanna „þjónustu- og þekkingarmiðstöð“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Sjónstöðin.
- b. Í stað orðsins „Miðstöðin“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Stofnunin.
- c. Í stað orðsins „miðstöðvarinnar“ í 3. mgr. kemur: stofnunarinnar.

3. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um Sjónstöðina.**

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

5. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021:* Í stað tilvísunarinnar „laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: laga um Sjónstöðina.
2. *Lög um Barna- og fjölskyldustofu, nr. 87/2021:*
 - a. Í stað tilvísunarinnar „laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: laga um Sjónstöðina.

- b. Í stað orðanna „Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu“ í 1. málsl. 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: Sjónstöðina.
- 3. *Bókasafnalög, nr. 150/2012:*
 - a. Í stað orðanna „Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu“ í 3. málsl. 4. mgr. 15. gr. laganna kemur: Sjónstöðinni.
 - b. Í stað orðanna „Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu“ í 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: Sjónstöðinni.
- 4. *Lög um Samskiptastöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, nr. 129/1990:* Í stað orðanna „Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu“ í 2. mgr. 2. gr. a laganna kemur: Sjónstöðinni.

Gjört á Bessastöðum, 13. júní 2025.

Halla Tómasdóttir.
(L. S.)

Eyjólfur Ármannsson.